


## Ófagra veröld

Jólasýning Borgarleikhússins er verkið Ófagra veröld eftir Bretann Anthony Neilson. Þetta er nútímaævintýri um Lísu í Sundralandi og fylgja áhorfendur henni inn í undraheim geðveikinnar þar sem ýmislegt gengur á og mörk draums og veruleika óljós. Með hlutverk Lísu fer Ilmur Kristjánsdóttir.



## Á náttborðið

Frú Bovary svíkur engan og nú nýlega kom þessi hornsteinn evrópskra bókmennta eftir sjálfan Gustav Flaubert út í kilju hjá Bjarti. Um er að ræða þýðingu Péturs Gunnarssonar sem kom út fyrir ellefu árum en er löngu uppseld. Prýðileg lesning yfir hátíðarnar.

menning



## Aðfangadagur á Rás 2

Það verður mikið um dýrðir á Rás 2 á aðfangadag en þar munu nokkrir helstu útvarpsmenn landsins leiða landsmenn inn í jólahátíðina. Leikar hefjast 9:03 með Hrafnhildi Halldórsdóttur en hún spilar ljúfa og fallega jólatónlist fyrir hlustendur og spjallar við fólk til sjávar og sveita. Klukkan 13 tekur Hulda Sif Hermannsdóttir við keflinu og segir hlustendum frá ólíkum jólasiðum um víða veröld og spilar skemmtilega jólatónlist. Klukkan 16:08 tekur Guðni Már Henningsson við og stendur vaktina til 18 en svo rekur Svanhildur Jakobsdóttir lestina og spilar notaleg jólalög til miðnættis.



## Dagskrá fyrir börnin

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús, verður með opið yfir hátíðarnar og um að gera fyrir fjölskylduna að kynna sér það sem þar er í boði. Þar standa nú yfir sýningarnar: **Uncertain States of America og Erró - Grafík.** Nú geta börnin fengið lánaðan 32 spjalda upplýsingastokk í afgreiðslu og farið í skemmtilegan spurningaleik um sýninguna **Uncertain States of America.** Tilgangurinn er að gera heimsóknina í Listasafn Reykjavíkur enn áhugaverðari og vekja börn og fullorðna til umhugsunar um það sem fyrir augu ber á skemmtilegan og upplýsandi hátt. Í stokknum eru spurningaþrautir, tillögur og leikir sem hægt er að glíma við í heild sinni eða taka fyrir þau spjöld sem vekja áhuga. Hægt er að festa stokkinn á sig þannig að hendur eru frjálsar og óheftar til að punkta hjá sér, teikna eða skrifa. Lokað er á aðfangadag, jóladag og nýársdag en annars opið daglega frá 10-17, 12-15 á annan í jólum og 10-14 á gamlársdag.

### Illugi Jökulsson dæmir Óvini ríkisins

# Ótti eða valdhroki

Það er hægt að láta þessa nýju bók Guðna Th. Jóhannessonar fara svolítið í taugarnar á sér. Hún er óneitanlega býsna hraðsoðin og þess má stundum sjá merki í textanum jafnt sem strúktúrnum. Og einhverjir gætu geðvonskast yfir því hve mörgum spurningum bókin varpar fram án þess að Guðni hafi við þeim nokkurt svar.

En þegar að var gáð finnst mér nú reyndar að þessir „gallar“ á bók Guðna séu einmitt helstu kostir hennar - eða öllu heldur, óhjákvæmilegir fylgifiskar þess sem best er við bókina. Sem er hversu „aktúel“ hún er og glóðvolg - fjallar beinlínis um atburði sem við erum að uppgötva þessa dagana.

**Mýgrútur af fróðleiksmolum**

Af einhverjum dularfullum ástæðum hafa höfundar og bókaforlög á Íslandi verið mjög hikandi við að gefa út bækur um samtímaviðburði eða alveg nýliðna sögu. Þessi bók Guðna er því að vissu leyti nýlunda og ber að fagna henni sérstaklega sem slíkri. Þær hleranir og önnur bellibrögð sem íslensk stjórnvöld gripu til gegn meira og minna ímynduðum andstæðingum, það allt saman átti sér að vísu stað fyrir mörgum áratugum, en þetta er bara að byrja að koma fram í dagsljósið núna og inn í þá umræðu kemur bók Guðna eins og kölluð.

Það er verulegur fengur að þessari bók og hún er vel, lipurlega og skemmtilega skrifuð - með þeim fyrirvara sem ég setti fremst í þessari klausu. Guðni er hinn ágætasti rithöfundur og kann að þræða einstigið milli þess að skrifa læsilegan texta fyrir almenning og sýna heimildum fullan fræðilegan sóma. Hér er mýgrútur af fróðleiksmolum og myndin af samtökum vinstrimanna á sjöunda og áttunda áratugnum er afar skemmtileg - ef það er þá rétta orðið.

**Of varkár**

Hér er ekki tóm til að draga víðtækar pólitískar ályktanir af því sem bók Guðna leiðir í ljós en hún er vitaskuld



**Guðni Th. Jóhannesson** *„Hér er mýgrútur af fróðleiksmolum og myndin af samtökum vinstrimanna á sjöunda og áttunda áratugnum er afar skemmtileg - ef það er þá rétta orðið,“ segir Illugi Jökulsson.*

skyldulesning fyrir alla sem áhuga hafa á sögu Íslands og pólitík á 20. öld. Ég verð hins vegar að segja að mér finnst Guðni alltof varkár framan af bókinni - það er eins og hann leggi sig svo í líma við að „skilja tíðarandann“ eða kannski bara að verða ekki sakaður um að vera ljótur kommúnisti að hann afsakar um of glórulaust framferði íslenskra yfirvalda gegn „óvinum“ sínum.

Víst er Guðni á réttri leið þegar hann varpar fram sinni meginkenningu um að „óttinn“ hafi ráðið ferðinni hjá þeim yfirvöldum sem brutu trekk í trekk mannréttindi á borgurum - óttinn við kommúnismann, lengst af - og rétt er það líka að þann ótta verður að skoða í samhengi við tíðarandann hér fyrrum.

En ekki verður hvað sem er afsakað með þessum „ótta“, enda er eins og Guðna blöskri æ meir eftir því sem fram vindur sögunni og hann gefst eiginlega alveg upp á að reyna að afsaka hleranirnar og önnur uppátæki stjórnvaldanna. Það þýðir náttúrlega ekkert að draga fjöður yfir að partur af því hve yfirvöld voru viljug til að grípa til „óhefðbundinna“ ráða til að fylgjast með „óvinum“ sínum lá einfaldlega í valdhroka og jafnvel valdníðslu. Sem virðast hafa legið nánast í eðli íslenskra stjórnvalda. Guðni hefði alveg mátt neyða lesendur til að horfast betur í augu við það.

+ Skyldulesning fyrir alla sem áhuga hafa á pólitík.

− Of varkár framan af bókinni.



Óvinir ríkisins
Eftir Guðna Th. Jóhannesson

**Bækur** ★★★★½

*Illugi Jökulsson*




# Helga, himneska stjarna


„Laglínan varð til á aðfangadagskvöld 1969 en þá var ég fimmtán ára gamall. Árum saman reyndi ég sjálfur að yrkja ljóð við lagið en það gekk ekki neitt. Tíminn leið, lagið leitaði sífellt á huga minn og ég var sannfærður um að ég væri með eitthvað verulega gott í höndunum,“ útskýrir Steinn Kárason en hann sendi nýlega frá sér smáskífu sem inniheldur tvær útgáfur af jólalagi hans sem Sigurbjörn Einarsson biskup orti ljóð við. Ljóðið ber titilinn Helga, himneska stjarna. „Mörgum árum síðar var ég staddur í messu í Hallgrímskirkju þar sem ég heyrði Immanúel eftir Sigurbjörn. Sá boðskapur heillaði mig svo að ég var sannfærður um að best færi á því að hann myndi yrkja ljóð við lagið,“ segir Steinn. Hann hafði fljótlega samband við Sigurbjörn sem tók erindinu ljúfmannlega og bað Stein að koma með nótur að laginu. Það vafðist þó eilítið fyrir Steini þar sem hann kann hvorki að lesa né skrifa nótur. „Ég leitaði því til nágranna míns í vesturbænum, Atla Heimis Sveinssonar, og bað hann að skrifa upp lagið. Atli gerði það fyrir mig og ég hélt á fund Sigurbjörns með það. Hann hringdi svo í mig nokkrum dögum síðar og sagði „Steinn minn, þetta er tilbúið, þú mátt sækja þetta.““ Sálmur Steins var svo frumfluttur í Dómkirkjunni í Reykjavík árið 2004. Á geislaplötunni sem kom út á dögunum er að finna tvær útgáfur af sálminum. Annars vegar í flutningi Schola cantorum og félaga úr kammersveit Hallgrímskirkju undir stjórn Harðar Áskelssonar í útsetningu Atla Heimis Sveinssonar og hins vegar í flutningi Hrólfs Sæmundssonar barítóns og Steingríms Þórhallssonar organista.






**„Bókin sýnir að þar fer gáfumenni sem tekur stjórnmálaafskipti sín alvarlega og lestur hennar ætti að vekja alla, andstæðinga Steingríms sem og samherja, til umhugsunar um mikilvæg mál.“**
*Örn Arnarson, Blaðið*

**„Það er von mín að þessi bók verði ómissandi í bókasafni tískuáhugamanna, sagnfræðinga og safnara, og öðrum hönnuðum innblástur.“**
*María Ólafsdóttir hönnuður.*







**„Textinn er nútímaleg endursögn /…/ fagurlega skreytt landslagsmyndum frá Njáluslóðum. Bókin hefur þannig ýmsa þá kosti sem dregið gætu ungt fólk að þessum merkilega arfi okkar.“**
*Skafti Þ. Halldórsson, Morgunblaðið 20. des. 2006*

**Gleðileg bókajól!**
**Bókaútgáfan Salka – Skipholti 50c – 105 Reykjavík – salkaforlag.is**
Salka